

Lerkilundur, Skriðdalur, Múlaþing

Úttektarskýrsla minjavarðar

Þuríður Elísa Harðardóttir
2024



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



Höfundur
Þuríður Elísa Harðardóttir

Ljósmyndir
Þuríður Elísa Harðardóttir

Ljósmynd á forsíðu
Horft til suðurs yfir byggingarreitinn

© 2024
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Aðdragandi vettvangsferðar.....	4
2.	Niðurstöður	5
3.	Heimildaskrá	5

Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:
3168

Tilgangur úttektar:
Fyrirhuguð byggingarframkvæmd

Staðsetning:
Lerkilundur, Skriðdalur

Dagsetning vettvangsferðar:
18. desember 2023

1. Aðdragandi vettvangsferðar

Minjastofnun Íslands barst ofangreint svæði til umsagnar. Þar sem ekki liggur fyrir fullnægjandi skráning fornleifa, húsa og mannvirkja innan svæðisins kynnti minjavörður sér fyrirbyggjandi svæði til að leggja mat á það hvort kalla þyrfti eftir frekari gögnum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda eða afgreiða aðal- eða deiliskipulag án undanfarandi skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Byggingarreiturinn er staðsettur í skógarlundi þar sem nú þegar standa nokkur hús. Svæðið tilheyrði Hallbjarnarstöðum en árið 1938 var stofnað úr því nýbýlið Reynihagi árið 1938 en það féll úr ábúð árið 1982 og hefur síðan verið í eyði. Reynihagi stóð töluvert austar en byggingarreiturinn sem hér er til umsagnar. Norðvestan við byggingarreitinn hefur staðið hús í kringum 1993 en hvenær það var reist liggur ekki fyrir. Það er utan við fyrirhugað framkvæmdarsvæði.

Búið var að koma fyrir púða og undirstöðum fyrir húsinu þegar úttekt svæðisins var gerð.



Mynd 1 – Úttektarsvæðið.

2. Niðurstöður

Engar þekktar menningarminjar eru innan svæðisins né benda heimildir til þess að minja sé að vænta innan þess. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

3. Heimildaskrá

Ármann Halldórsson (ritstjóri). (1975). *Sveitar og jarðir í Múlaþingi, II. bindi*. Búnaðarsamband Austurlands.

Landmælingar Íslands. *Loftmyndasafn*.

<https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1999). *Menningarminjar í Skriðdal í Suður-Múlasýslu*. Svæðisskráning. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands

Skipulagsvefsjá Múlaþings.

<https://www.map.is/mulathing>

Túnakort Hallbjarnarstaða. (1918-1919). Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnaskrá Hallbjarnarstaðir. Skráð af Eiríki Eiríkssyni eftir Eyjólf Jónssyni og Hrólfi Kristbjörnssyni. Örnefnastofnun Íslands.